

Ed.

325. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan kostnað af þeirri ráðstöfun.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna hljóði svo:

Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.

- Á eftir 7. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 8.—11. gr., svo hljóðandi:
- a. (8. gr.). Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt 2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að gegna löggæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna liðinu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.
Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum, sem liðið er flutt frá.
 - b. (9. gr.). Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn.
Ráðherra er og heimilt að leggja lögreglumenn til nauðsynlegan útbúnað. Hann ákveður og, hver tæki lögreglumenn skuli nota.
 - c. (10. gr.). Í sveitum landsins og kaupúnum, þar sem lögreglulið er ekki starfandi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan hér-
aða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.
 - d. (11. gr.). Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

4. gr.

8. gr. laganna, sem verður 12. gr., hljóði svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933 og gefa þau svo út sem lög um lögreglumenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn, er gert ráð fyrir, að bæjarfélögin annist löggæzluna í aðalatriðum, og eru með 1. gr. nefndra laga lagðar skyldur á þeirra herðar í því efni, þótt ríkissjóður greiði $\frac{1}{6}$ hluta kostnaðar. Jafnframt er svo fyrir mælt í 6. gr. laganna, að þegar sérstaklega stendur á og nauðsynlegt er fyrir öryggi bæjanna, skuli fjölga því lögregluliði, sem ákveðið er í 1. gr., og greiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar af þeirri ráðstöfun. Ennfremur er svo fyrir mælt í lögum þessum, að tollgæzlumenn og skipverjar á varðskipum ríkisins skuli í vissum tilfellum starfa sem lögreglumenn, ef nauðsynlegt þykir.

Eins og ljóst verður af ákvæðum þessara laga, sem nú hafa í örstuttu máli verið rakin, er aðallöggæzluskyldan lögð á herðar bæjanna, en þó með aðstoð ríkisins að verulegu leyti. En sá galli hefir komið í ljós á þessum lögum í framkvæmd, að samfara löggæzluskyldu bæjarfélaganna er liðið óhreyfanlegt milli staða, ef svo má segja. Þessi ágalli hefir ekki einungis komið fram hér á landi hvað eftir annað, heldur einnig og ekki síður erlendis, og hefir úr því verið bætt með því að gera alla bæjalögreglu að ríkislögreglu. Er það lögreglulið flytjanlegt milli staða eftir þörfum. Ríkið greiðir þá allan kostnað við löggæzluna, en bæjarfélögin endurgjalda a. m. k. sumstaðar einhvern hluta kostnaðarins.

Það hefir ekki þótt fært að stíga þetta spor hér, að gera alla lögreglu að ríkislögreglu, svipað og tíðkast sumstaðar á Norðurlöndum. Hinsvegar hefir sú leið verið farin, að gera breytingar á gildandi lögum, sem sníða af þeim verstu annmarkana, og skal gerð grein fyrir þeim breytingum hverri fyrir sig.

Verulegur kostnaðarauki verður ekki við þessa breytingu.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. frv. er gerð sú efnisbreyting á gildandi lögum, að þegar varalögreglumenn eru kvaddir til starfa, skal ríkissjóður greiða allan kostnað við þá ráðstöfun. Einnig er talið allt of seinvirkt að leita samþykkis bæjarstjórna í hvert sinn, sem auka þarf fasta liðið, en aðalatriðið er þó það, að þegar bætt er við varaliðsmönnum, þykir rétt, að ríkissjóður greiði kostnaðinn og að hlutaðeigandi ráðherra taki ákvörðun um, hvort liðið skuli aukið, enda er jafnframt svo fyrir mælt, að allt liðið, bæði aðal- og varalið, skuli vera flytjanlegt milli staða eftir þörfum. Verður það að teljast sanngjarnt vegna þess, að nú greiðir ríkissjóður samkvæmt þessu frv. allan kostnað við varaliðið, sem bæjarfélögin greiddu áður að hálfu.

Með þessu eru verstu annmarkarnir sniðnir af núgildandi lögum, og flutningur liðsins milli staða færður til samræmis við það, sem aðrar þjóðir hafa talið nauðsynlegt að gera, án þess þó að breyta allri bæjalögreglu í ríkislögreglu.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar gr., að lögreglumenn fái laun sín úr ríkissjóði, eru í samræmi við 1. gr. og þurfa ekki skýringa við.

Um 3. gr.

- a. Þessi liður þarf ekki heldur skýringa við. Efni hans og tilgangur er skýrður með 1. gr. Er svo fyrir mælt, að löggæzluliðið verði hreyfanlegt milli staða, en þó að sjálfsgöðu settur sá varnagli, að nægilega mikið lið verði eftir til þess að annast löggæzlu heima fyrir.
- b. Eitt af hinu nauðsynlegasta er menntun lögreglumanna, og er því ákveðið, að koma megi upp námskeiðum í Reykjavík fyrir þá. Aðrar skýringar óþarfar.
- c. Í þessum lið er nýmæli. Þar er svo fyrir mælt, að í sveitum landsins og kaup-túnunum, þar sem ekki er starfandi lögreglulið, geti ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi lög-um og reglu á samkomum innan sveitar. Það er á allra vitorði, að samkomur úti um sveitir og sjávarþorp, þar sem er lítil eða engin löggæzla, fara víða þannig úr hendi vegna drykkjuskapar, að ekki verður við unað. Þyrpist oft á þessar samkomur fjöldi aðkomufólks, sem hagar sér með þeim hætti, að fullkomin vanvirða er að. Er vaknaður mikill áhugi úti um sveitir fyrir því að koma í veg fyrir þetta. Ákvæði greinarinnar miða að því, að unnt sé að koma upp sjálfboðasveitum í þessum tilgangi.
- d. Þarfnast ekki skýringa.

Um 4.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.